

gudi, sem gefur ykkur matinn og alt gott, og biðjið hann að blessa ykkur. Gerið þið það ekki?

Allir kristnir menn, ungir og gamlir, eiga að biðja. Þið þurfið að muna það. Og á meðan þið eruð börn, þurfið þið að læra að biðja. Þið hafið þá lært að biðja, þegar þið eruð orðin fullorðin, og þá biðjið þið. En eins lengi og þið lifið eigið þið að læra að biðja *betur*.

Lærið nú á árinu þetta að biðja og að biðja *betur*. Jesús vill, að þið biðjið. Hann veit, að þið þurfið þess og hafið gott af því. En svo vill hann líka kenna ykkur að biðja, *kenna ykkur öllum að vera biðjandi börn á árinu*.

### Hann lagði við drengskap sinn.

(Lauslega þýtt.)

„Mamma mín, eg skal, og eg legg við drengskap minn. Hefurðu nokkurn tíma reynt það af mér, að eg hafi svikið þig?“

„Nei, það hef eg aldrei reynt af þér, sonur minn,“ og Mrs. Jónsson strauk ástúðlega mjúku lökkana brúna á Haraldri syni sínum um leið og hún horfði í hreinskilnu augum hans, sem aldrei höfðu öll þessi 15 árin hans litið öðruvísi í augu hennar.

„Og þú skalt heldur aldrei reyna það af mér, mamma mín. Eg kem heim áreiðanlega klukkan 10. Og nú er eg farinn.“ Og Haraldur hljóp niður stigann og á stað eins og ör væri skotið.

Lags-bróðir hans, Valdimar Grímsson, hafði boðið honum í afmælis-veisluna sína. Og allir vinir Valdimars, bæði drengir og stúlkur, hlökkuðu til að koma til hans, þegar hann bauð þeim; því foreldrar hans og Anna, systir hans, sem orðin var fullorðin, höfðu það ljómandi lag á að skemta ungu fólki og láta því líða vel hjá sér.

Það var þess vegna ekki furða, þótt Haraldur ætti bágt með að trúa sínum eigin augum, þegar hann, um það leyti er skemtunin stóð sem hæst, leit á klukkuna og sá, að hún átti ekki eftir nema 4. part í 10. Það leit ekki út fyrir, að nokkurum dytti í hug að fara heim. En lofordið, sem Haraldur hafði gefið mömmu sinni og lagt drengskap sinn við, hljómaði fyrir eyrum hans. Enginn hafði nokkurn grun um stríðið, sem drengurinn átti í hjarta sínu. Hann tók þátt í leiknum, en var utan við sig. „Því get eg ekki beðið, þangað til himir fara? Legg eg ekki nógu mikið á mig heima? Í fleiri vikur hef eg ekki verið að heiman eitt einasta augnablik.“